

NÚ HÚMAR AÐ OG HAUSTIÐ TEKUR VIÐ

*Einhverja nóttina koma skógarprestirnir
að tína reyniber af trjánnum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur
(Vilborg Dagbjartsdóttir)*

Þegar haustið nálgast bætast enn fleiri og áhugaverð verkefni við hjá Hópbílum. Við höldum áfram að aka ferðalöngum á leið um landið, höldum áfram að aka starfsfólki Rio Tinto til og frá vinnu í Straumsvík, höldum áfram að aka hópum og einstaklingum sem nýta sér landsbyggðarúrræði Strætó Bs. og höldum áfram að sinna Akstursþjónustu Reykjavíkur (PANT). Auk þess taka Hagvagnar að sér akstur á nýjum leiðum fyrir Strætó, á gulu vögnunum, þann 15. ágúst.

En á haustin bætast við nemendur grunnskóla Hafnarfjarðar, bæði í skólaakstri í íþróttir og sund sem og akstur frístundabílsins, þar sem nemendur ferðast á milli skóla og frístundaúrræða eftir skóla.

Að ýmsu er að hyggja þegar svona stór hópur bætist í hóp þjónustuþega okkar. Verkefnið krefst mikillar skipulagningar þar sem skólarnir senda okkur tímatöflur sínar fyrir íþróttir og sundtíma og vaktstjórn raðar bílstjórum og bílum í hentugri stærð á hvern akstur. Seinni part hvers dags tekur síðan frístundaaksturinn við. Þar er nemendum ekið frá hverjum grunnskóla til æfinga hjá íþróttafélögum, í tónlistarnám hjá Tónlistarskóla bæjarins, í listdansnám og aðrar frístundir sem nemendur hafa valið að stunda.

Mikilvægt er að samskipti allra sem koma að ofangreindum verkefnum séu til fyrirmyndar. Til að auðvelda nemendum undirbúninginn hafa grunnskólar bæjarins fengið til sín veggspjald um atriði sem gott er að hafa í huga í skólabílnum. Skólarnir geta þannig hengt veggspjaldið á vegg í heimastofu, sem sjónrænn minnismiði um framkomu í skólabíl. Veggspjaldið má sjá á blaðsíðu 3 í þessu fréttabréfi.



Í fréttabréfinu

Nú húmar að og haustið tekur við.....	1
Aksturshegðun og sam- burðar tölfræði	2
Höfum í huga í skólabílnum	3
Farsæl samskipti	4
Tveir nýir Sprinterar	4

AKSTURSHÉÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI ÁGÚST 2024

Hér gefur að líta heildaryfirlit um aksturshegðun og samanburðar tölfræði bílstjóra Hópbíla og Hagvagna. Hópnum er skipt upp í fjóra flokka. Flokkur **100** er hópferðadeild, flokkur **200** er strætisvagnadeild, flokkur **400** eru landsbyggðarvagnar og flokkur **500** eru bílar í akstursþjónustu fatlaðra og eldra fólks. Vert er að taka fram að flokkur 200 er skemmra á veg kominn í kerfinu.





HÖFUM Í HUGA Í SKÓLABÍLNUM

Öll hjálpumst við að svo öllum líði vel

Við erum komin á biðstöð að minnsta kosti 5 mínútum fyrir brottfarartíma. Við förum í einfalda röð og biðum kurteis og röleg.

Við göngum hægt og rólega um borð í bílinn og förum aðeins úr bílnum þegar hann hefur alveg numið staðar.

Við sýnum tillitssemi í skólabílnum og forðumst allan troðning.

Við sitjum kyrr í sætinu okkar með öryggisbelti spennt alla ferðina. Við förum aðeins úr sætinu eftir að bílstjóri eða fylgdarliði hefur gefið merki.



Í skólabílnum höfum við hendur og fætur hjá okkur.

Við erum kurteis í skólabílnum og notum bara falleg og vinalæg orð. Við tölum við aðra eins og við viljum að talað sé við okkur.

Í skólabílnum notum við ekki raftæki sem gætu truflað bílstjóra og aðra farþega.

Við tökum ekki með okkur stóra hluti eða farangur sem passar ekki í fangjö okkar.

Við göngum vel um skólabílinn og neytum hvorki matar né drykkjar um borð.

Við hlýðum alltaf bílstjóra og fylgdarliða ef hann er til staðar.

Ef þið valdið skemmdum á bílnum, t.d. sætisbaki, þá verðið þið að vera tilbúin að greiða fyrir þær skemmdir.

Það er miklu gófullegra að nota aurana í annað og því betra að fara gætilega í bílnum og ganga um af virðingu.

HÓPBÍLAR

KEYRA KÁTA HAFNFIRSKA KRAKKA

GÓÐ OG MARKVISS SAMSKIPTI

GAGNKVÆM VIRÐING AUÐVELDAR LAUSNALEIT

Eyrartröð 2

Vaktstjórn Hópbíla er staðsett að Eyrartröð 2.

Vaktstjórnarnir okkar eru:
Gunnar Þór Finnbjörnsson
Hörður Sveinsson
Slavomira Stateczna (Mira)
Víkingur Kristjánsson

Kvöldvakt:

Jóhann Kr. Berthelsen
Stefán Harðarson

599 6080

vakt@hopbilar.is



FARSÆL SAMSKIPTI

Samskipti sem einkennast af gagnkvæmri virðingu, yfirvegun og trausti eru vænlegust til lausnaleitar. Það er okkur mikilvægt að eiga góð og markviss samskipti við okkar viðskiptavini. Breytingar kunna að verða á tímasetningum, akstur felldur niður og upp geta komið ýmiss atvik eða breytingar á dagskrá sem hafa áhrif á skóla- og frístundaakstur.

Mikilvægt er að upplýsa okkur tímalega ef þess er kostur því breytingar á dagskrá hafa keðjuverkandi áhrif á önnur verkefni okkar, bíla og bílstjóra. Eins er mikilvægt fyrir okkur að vita ef breytingar verða á biðstöðvum eða þeim stöðum þangað sem farþegar eru alla jafna sóttir. Þá er farsælast að upplýsingar berist okkur tímalega svo þjónusta okkar verði með framúrskarandi hætti.

Allt sem snýr að daglegum rekstri skóla- og frístundaaksturs fer í gegnum vaktina okkar. Vaktstjórn tekur til starfa **kl. 06:00** á hverjum morgni. Daglegur starfstími vaktstjórnar á Eyrartröð er frá **kl. 6:00-18:00**, eftir það tekur kvöldvakt við.

Ef þjónustupegar kjósa að senda tölvupóst skal nota netfangið **vakt@hopbilar.is** til þess að hafa samband við vaktstjórn. Farsælast og fljótlegast er þó að hafa samband símleiðis við lausnaleit í síma **599 6080**.

Hópbílar hf.
Melabraut 18
220 Hafnarfirði

Umsjón, skrif og ábyrgð:
Leifur S. Garðarsson
Verkefnastjóri



TVEIR NÝIR SPRINTER BÍLAR

Tveir nýir Mercedes Bens Sprinter bílar bættust í flotann okkar á dögnum.

Bílarnir hafa fengið innri númerin 117 og 118 og eru þegar farnir að þjóna okkar viðskiptavinum.

